

Starfsþróunaráætlun Reykjahlíðarskóla

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans og lögbundinni skyldu hans. Hinsvegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans hverju sinni. Starfsþróunaráætlun tekur mið af umbótaáætlun hverju sinni.

Helstu áherslupættir 2020 - 2023

- Starfsmenn þekki hugmyndafræði og vinnubrögð uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga og beiti þeim í daglegu starfi
- Starfsmenn taki þátt í þróun kennsluhátta um samþættingu námsgreina og hæfnimiðaðs náms
- Kennarar taki þátt í kennslustundarýni sem lið í að þróa sig í starfi
- Foreldrasamstarf
- Nemendalýðræði
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Verkfæri sem tengjast grænfána og heilsueflandi grunnskóla í daglegu starfi og kennslu
- Starfsmenn þekki til öryggismála í Reykjahlíðarskóla og búi yfir grunnfærni í skyndihjálpi, eldvörnum og barnavernd
- Innra mat
- Starfsmenn hafi tækifæri til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans.

Fastir liðir í starfsþróunaráætlun

Verkefni	Hversu oft	Haldið síðast
Jákvæður agi: <ul style="list-style-type: none">• Allir starfsmenn	Upprifjunarnámskeið á 3ja ára fresti.	Haust 2017
Skyndihjálparnámskeið <ul style="list-style-type: none">• Allir starfsmenn	Í samstarfi við Skútustaðahrepp/sameiginleg námskeið allra starfsmanna	Haustið 2017
Eldvarnir <ul style="list-style-type: none">• Allir starfsmenn	Árlega farið yfir öryggisatriði í húsnæði og rýmingaráætlun	Haustið 2018
Öryggisnámskeið íþróttakennara v.	Próf á tveggja ára fresti og skyndihjálparnámskeið í	

sundkennslu	björgun á þriggja ára fresti.	
-------------	-------------------------------	--

Starfsþróunarverkefni skólaársins 2020 - 2021

Hvað	Hverjir	Hvenær
Skyndihjálparnámskeið	Allir starfsmenn	Ágúst/september
Eldvarnarnámskeið	Allir starfsmenn	September/október
Skólabragur: Jákvæður agi, skólaumhverfi, bekkjafundur, lýðræði - verkefnastjóri stýrir	Allir starfsmenn	September: inngangur/ upprifjun - eftirfylgni allt skólaárið
Kennsluhættir: kynning á þróunarverkefni skólans - verkefnastjóri kynnir	Allir starfsmenn	Ágúst
Kennsluhættir: Þróunarverkefni í samþættingu námsgreina og hæfnimiðaðs náms - verkefnastjóri stýrir	Kennarar	Allt skólaárið
Grænfáninn og heilsueflandi skóli í námi og kennslu - tengsl við Heimsmarkmiðin	Kennarar	Allt skólaárið
Upplýsingatækni og forrit sem styðja við þróunarverkefni skólans	Kennarar	Allt skólaárið
Velferð og öryggi barna í Reykjahlíðarskóla - skólastjóri fer yfir innihald öryggishandbókar - starfsfólk kynnir sér	Allir starfsmenn	Október/nóvember
Starfendarannsóknir, kennslustundarýni: <ul style="list-style-type: none"> - Kennarar heimsækja hvorn annan með matslista - Stjórnandi situr kennslustundir með gátlista - Samtöl í kjölfar heimsókna 	Kennarar og skólastjóri	Jafningjamat einu sinni á önn. Innlit skólastjóra tvisvar yfir skólaárið.
Innra mat - kynning á innleiðingu starfshátta við innra mat - þátttaka allra	Allir starfsmenn	Nóvember

Form símenntunar

Símenntun kennara fer fram samkvæmt kjarasamningi kennara og getur farið fram á starfstíma skóla eða utan hans. Símenntun annarra starfsmanna fer fyrst og fremst fram á starfstíma skólans. Starfsmenn þurfa að sækja um fjárveitingu til skólastjóra sem metur umsóknirnar og úthlutar eftir þörf skólans. Skólinn greiðir ferðastyrk á námskeið sem nemur flugfari á fjarlæga staði, að öðru leyti er greitt kílómetragjald. Uppihald, þátttökugjald og gisting er greidd samkvæmt reikningi. Frekari upplýsingar um símenntun starfsmanna sveitarfélagsins má finna í [Mannauðsstefnu Skútustaðahrepps](#).

Símenntun getur m.a. falist í:

- Námskeiðum kennara
- Ráðstefnum og fræðslufundum
- Jafningjafræðslu
- Lestri fagbóka og fagsíðna
- Áhorfi myndbanda á netinu
- Formlegu framhaldsnámi

Ár hvert metur skólastjóri þörf á símenntun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans og innra mati. Skólastjóri fylgist með að símenntun sé sinnt og heldur utan um þá símenntun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá þá símenntun sem þeir taka þátt í og skila til skólastjóra í upphafi skólaárs en gera grein fyrir sínum símenntunaráformum í starfsmannaviðtali.